

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu
málþings til heiðurs Sigurveigu Huldar Sigurðardóttur, prófessors emeritu.**

Haldið á Háskólatorgi 103 föstudaginn 17. Janúar 2025 kl. 14.

Kæra Sigurveig, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér í upphafi þessa málþings sem haldið er í tilefni af því að félagsráðgjafinn og prófessorinn Sigurveig Huld Sigurðardóttir lauk störfum við Félagsráðgjafardeild 30. september sl. og ber nú virðingartilinn prófessor emerita.

Þegar horft er yfir langan og farsælan náms- og starfsferil Sigurveigar blasir við hversu samofin hann er sögu náms, kennslu og rannsókna í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands undanfarna áratugi. Skipar hún sér með því í röð með frumkvöðlunum við félagsráðgjafardeildina, þeim Guðrúnu Jónsdóttur og Sigrúnu Júlíusdóttur og fleirum sem af einurð og elju byggðu upp fræðigreininina fyrstu árin og áratugin, en fyrir rétt rúmum tveimur árum komum við saman í Veröld – húsi Vigdísar til að fagna þeim merka áfanga að þá voru liðin 40 ár frá því að fyrstu kandiðatarnir brautskráðust úr starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Það er ógjörningur að gera í stuttu ávarpi með fullnægjandi hætti grein fyrir yfirlitum mikilli ferilskrá Sigurveigar og nefni ég því aðeins fáeina viðkomustaði á löngum ferli hennar. Sigurveig stundaði háskólanám í Svíþjóð og lauk BA-prófi og starfsréttindanámi í félagsráðgjöf við Gautaborgarháskóla 1979, meistaraþrófi í lýðheilsuvísindum við Norræna lýðheilsuháskólann í Gautaborg 2001 og doktorsþrófi í öldrunarfræðum frá háskólanum í Jönköping 2013.

Hún starfaði á Öldrunarlækningadeild Landspítalans árin 1979-1997, fyrst sem félagsráðgjafi og síðan yfirfélagsráðgjafi. Sigurveig var framkvæmdastjóri Reykjavíkurdeildar Rauða krossins á Íslandi árin 1997-2003 og starfaði samhliða því sem stundakennari við Háskóla Íslands árin 1994-2003. Hún var ráðin lektor í félagsráðgjöf við þáverandi Félagsvísindadeild Háskóla Íslands 2003, varð dósent 2010 og prófessor 2021.

Sigurveig gegndi ýmsum stjórnunarstörfum innan Háskóla Íslands og var m.a. varadeildarforseti Félagsráðgjafardeildar 2013-2014 og deildarforseti 2014-2019. Einnig hefur hún gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum á sínu fagsviði og sat m.a. í stýrihópi NordMag og meistaranáms í öldrunarfræði, í stjórn Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítalans í öldrunarfræðum, í stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands og í stjórn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd svo nokkuð sé nefnt.

Sigurveig hefur verið virk í rannsóknum og inniheldur ritaskrá hennar yfir 150 titla, bækur, bókakafla, greinar, erindi á ráðstefnum, veggspjöld og kynningarefni.

Þá hefur Sigurveig sinnt kennslu nokkurra kynslóða félagsráðgjafa og hún hefur leiðbeint í yfir 100 BA-lokaverkefnum og yfir 60 meistaraverkefnum, auk þess að sinna doktorsnámi.

Sigurveig getur því sannarlega litið um öxl með stolti og er óhætt að segja að hún skilji við farsælan vettvang því starfsemi Félagsráðgjafardeildar hefur aldrei staðið með meiri blóma en nú. Nemendum hefur fjölgað mikið á síðustu árum og félagsráðgjafar eru eftirsóttir starfskraftar víða í samfélaginu og atvinnulífi. Þá er greinin í örri þróun eins og samfélagið allt. Má í því sambandi nefna aukna áherslu á farsæld barna og að breytt aldurssamsetning þjóðarinnar hefur í auknum mæli beint kastljósinu að öldrunarfræðinni. Öldrunarfræði, málefni eldra fólks á Íslandi og vellíðan á efri árum eru einmitt sérsvið Sigurveigar, auk málefna fjölskyldunnar og fjölskyldustuðnings. Hér hefur hún verið frumkvöðull í meira en fjóra áratugi eða allt frá því að hún hóf störf við Öldrunarlækningadeild Landspítalans í lok áttunda áratugar síðustu aldar.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar og vil ljúka því með því að þakka þér, Sigurveig, innilega fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsráðgjafar við Háskóla Íslands og skólans alls. Ég óska þér alls hins besta á þessum tímamótum og megi gæfa og gengi fylgja þér sem hingað til, í öllum þekktum og nýjum viðfangsefnum fullorðinsáranna.

Takk fyrir.